

VD1/LD1 Rannsóknaraðferðir

Námskeiðslýsing:

Tilgangur námskeiðsins er að undirbúa nemendur undir störf í akademísku umhverfi. Meðal efnis sem farið verður yfir er vísindaheimspeki og hugtakið vísindaviðmið (e. paradigm), rökfræði og gagnrýnin hugsun. Ítarlega verður fjallað um heimildavinnu og meðferð og skráningu heimilda við skýrslugerð. Heimildaleit. Fjallað verður um misserisverkefni og vinnslu þeirra. Í því samhengi er farið yfir hvernig og hversvegna þarf að skilgreina og afmarka vel viðfangsefni rannsókna. Rannsóknaráætlanir, aðferðir við söfnun og greiningu upplýsinga til nota í rannsóknarvinnu. Leitast við að útskýra hvernig vinnudagbók gegnir hlutverki eftirlitstækis í rannsóknarvinnu.

Forkröfur:

Engar sérkröfur.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í vinnubrögðum og hugsunarhætti háskólasamfélagsins með áherslu á þá þætti sem helst varða umhverfi og viðfangsefni viðskipta og viðskiptalögfræði.

Að námskeiðinu loknu munu nemendur þekkja til rannsókna og rannsóknastarfa og helstu grundvallarreglur um uppbyggingu ritgerða, skýrslna og annars fræðilegs efnis; vera færir um að beita gagnrýninni hugsun á umhverfi sitt og menningu, upplýsingar og heimildir; þekkja grunnaðferðir og rökhugsun lögfræðinnar og vera kunnugir fræðilegri hugsun um dómstóla og réttarfar, dóma og dómsniðurstöður ásamt gagnrýni á íslenskt dómskerfi. Loks munu þeir hafa hlotið grundvallarþjálfun í að átta sig á og greina nokkur meginþætti eigin menningarumhverfis.

Lesefni, bækur:

Friðrik H. Jónsson, og Sigurður Grétarsson (1998). Gagnfræðakver fyrir háskólanema. Reykjavík: Háskóli Íslands-Háskólaútgáfan.

Alec Fisher (2001). Critical Thinking – An Introduction. Cambridge: Cambridge University Press.

Leshefti með efni til yfirferðar í lögfræði og menningarläsi verður lagt fram í 4. viku námskeiðsins.

Kennarar:

Steinunn Kristjánsdóttir M.Phil., Páll Björnsson Ph.D., Jón Ólafsson Ph.D., Ástráður Haraldsson Cand. Jur.

Kennsluáætlun:

Fyrirlestrar

Umræðu- og verkefnatímar

Fyrirlestrar:

Tvær kennslustundir á viku, miðvikudaga kl. 8.15-9.40

Umræðutímar og einstaklingskennsla:

Nemendum verður skipt í 10-15 manna hópa sem hver um sig fær einn umræðu og verkefnatíma á viku með kennara.

Hefðbundin verkefnavinna:

Gert er ráð fyrir að nemendur skili verkefnum vikulega, samtals 10 verkefnum yfir misserið.

Verkefnaskil eru sem hér segir:

1. vika (skil í byrjun 2. viku) einstaklingsverkefni.
2. vika einstaklings- eða parverkefni.
3. vika hópverkefni.
4. vika einstaklingsverkefni
5. vika einstaklings- eða parvekefni
6. vika hópverkefni
7. vika einstaklingsverkefni
8. vika hópverkefni
9. vika einstaklingsverkefni
20. vika hópverkefni

Önnur verkefni:

Próf í lok misseris

Námsmat:

60% vikuleg verkefni

40% lokapróf

Tungumál kennslu:

Íslenska

Einingar:

2

Lýsing á námskeiðum eftir vikum:

(Bráðabirgðalýsing)

- | | |
|---------------|--|
| 1.-3. vika | Ritgerðasmíð (SK) |
| 3. september | Fræðileg skrif |
| 10. september | Fræðileg skrif |
| 17. september | Fræðileg skrif |
| 4.-6. vika | Rökgreining (JÓ) |
| 24. september | Gagnrýnin hugsun: Rök, ástæður, niðurstöður. |
| 1. október | Að túlka orð og hugmyndir; trúverðugleiki, sannleikur. |
| 8. október | Ályktanir, rökvillur, ákvarðanir. |
| 7.-8. vika | Aðferðir í lögfræði (ÁH) |
| 15. október | Grunnhugtök lögfræðinnar, uppbygging dómskerfisins, hlutverk og staða dómstóla, dómsniðurstaða. |
| 22. október | Réttmæti dóma, gagnrýni á dómstóla og réttarkerfi, hversoknar dómur eru „réttir“ eða „rangir“, hverskonar gagnrýni á dómstólar er réttmæt? |
| 9.-10. vika | Menningarlæsi (PB) |
| 29. október | Kyn og kyngervi. |
| 5. nóvember | Saga, minni, þjóðerni. |